



Fundargerð

Fundur í dreifbýlisnefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 25. febrúar 2016 kl. 16.

Fundarstaður: Húsnæði sem áður tilheyrði bankanum í Króksfjarðarnesi.

Mætt: Erla Björk Jónsdóttir formaður, Erla Reynisdóttir, Baldur Ragnarsson og Áslaug B. Guttormsdóttir. Erna Guðnadóttir boðaði forföll. Einnig sat Guðrún Marta Ársælsdóttir varamaður fundinn, en varamenn voru boðnir ef þeir hefðu áhuga. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð dreifbýlisnefndar 13. janúar 2016.

Nefndin fór yfir fundargerðina. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Kynning á afgreiðslum mála frá fyrri fundi.

- Viðmiðunarreglur vetrarþjónustu í dreifðum byggðum Reykhólahrepps.
- Verklagsreglur ef verður er slæmt og skólabílar komast ekki til eða frá skóla.

Nefndin lýsti ánægju sinni með afgreidd mál.

Nefndin bendir íbúum á að kynna sér vel reglurnar um snjómokstur á netinu og gott að þeir átti sig á að tími getur liðið frá því að óskað er eftir þjónustu þar til þjónusta berst, þar sem samræma þarf mokstur Vegagerðarinnar eða kalla út mokstursaðila.

Sveitarstjóra falið að útfæra reglur um snjómokstur vegna lögheimila í Flatey.

3. Fjarskipti, nettenging.

Þrýsta þarf á Póst- og fjarskiptastofnun að laga ástandið.

Erla Björk, Áslaug og Erna semja drög að bréfi til Póst- og fjarskiptastofnunar.

4. Sjóvarnargarðar í Flatey.

Rætt um sjóvarnargarða í Flatey, rætt um landrof á sunnanverðri eyjunni sem þarf að kanna.

Málefnið heyrir undir Vegagerðina, siglingasvið. Áslaug upplýsti nefndina um að Vegagerðin hafi tilkynnt að þeir verði verktakar í verkefninu um sjóvarnargarð vegna rofs undir gamla þorpinu, fjármunir eru á fjárlögum þessa árs.

Dreifbýlisnefnd hyggur á samstarf við Framfarafélagið við að koma á fundi með Vegagerðinni og vettvangsferð sem halda mætti í tengslum við fund dreifbýlisnefndar í Flatey í júní.

5. Nefnd vegna smábátahafnar í Flatey.

Ákveðið að fresta ákvörðun um nefnd, Baldur tekur að sér að heyra í Vegagerðinni vegna stöðu smábátahafnar, en málið verði rætt á fundi dreifbýlisnefndar í Flatey í júní, fáið fulltrúi frá Vegagerðinni á fundinn. Mikilvægt er að smábátahöfn komist á samgönguáætlun hið fyrsta.

6. Stígar og götur í Flatey.

Baldur gerði grein fyrir því að laga þyrfti veginn frá höfninni upp að Krákuvör, nefndin beinir því til sveitarstjórnar að gera ráð fyrir að hluti þess styrkvegafjár sem fæst úr Styrkvegasjóði verði settur í veginn.

7. Nátthagi í Fjarðarhorni eða við Klett.

Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að setja í forgang fjármagn til verkefnisins við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ári, ómetanlegt væri ef hægt væri að gera eitthvað á þessu ári.

8. MAST-girðing.

Samkvæmt upplýsingum er ekki búið að fella niður MAST-girðinguna, þó að umræða hafi verið um annað, vitað er að kindur fara yfir línuna. Girðingin er flokkuð sem aðalvarnarlína eins og Gilsfjarðarlína, vegna fjárskorts er lögð áhersla á að halda Gilsfjarðarlínunni uppi og halda þar með Vestfjörðum í heild sinni hreinum.

Nefndin hallast á að Gilsfjarðarlína verði treyst. Nefndin frestar að öðru leyti málinu þar til fulltrúi frá Gufudalssvæði situr fundinn.

9. Tvöfalt sorpgjald á lögbýli.

Rætt um það hvað grundvalli tvöfalt sorpgjald á lögbýli. Sveitarstjóri fór yfir upphaflega ástæðu þess, þ.e. að bæði um heimili og fyrirtæki væri að ræða og hefði verið ákveðið að leggja gjald á hvort tveggja. Rætt var um hvort gjaldið þyrfti að vera jafnhátt, hvað hefði grundvallað sama gjaldið. Rætt var um meiri þjónustu fyrir lögbýlin, rætt var sérstaklega um járnagáma á gámastöðvar t.d. einu sinni ári, jafnvel í tengslum við vorhreinsun. Nefndin beinir því til umhverfisnefndar að skoða málið.

10. Stefnt að þriðja fundi dreifbýlisnefndar í Flatey á tímabilinu 27.-30. júní.

Dagsetning verður ákvörðuð í samráði við Framfarafélagið og Vegagerðina.

11. Kynning á málum sem komin eru til dreifbýlisnefndar eftir fyrsta fund.

Erla Björk fór yfir málefnin sem hafa borist.

Fjallskil. Erla Reynisdóttir fór yfir það að ekki hefði verið hugað að því að veita bændum á Hríshóli aðstoð í réttunum í haust. Þar hefði lent á einni fjölskyldu að koma í Kinnarstaðarétt

um 600 fjár, sem kom niður á Hríshóli. Að þessu þarf að hyggja næsta haust, að þeir bændur sem eigi féð aðstoði við að koma því frá Hríshóli til skilaréttar. Svo mikið af ókunnugu fé fer í gegnum Hríshól.

Erla Björk ræddi um bryggjuna í Króksfjarðarnesi sem menningarverðmæti og hvort hægt væri að fá styrk til að byggja hana upp. Bryggjan er í eigu landeiganda Króksfjarðarness.

Erla Reynisdóttir ræddi um Orkubú Vestfjarða og borholuna á Kletti, hvort ekki væri kominn tími til að Orkubúið fari að þjónusta þá aðila sem tengdir eru veitunni.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.
